

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Garðabær, 2. febrúar 2024
Málsnúmer: 202401-0042
IAS

Efni: Heiðarbær, deiliskipulag frístundarbyggðar

Vísað er í tölvubréf í gegnum skipulagsgátt þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um nýtt deiliskipulag frístundabyggðar í Heiðarbæ við Þingvallavatn.

„Afmörkun deiliskipulags miðast við svæði frístundabyggðarinnar og af lóðamörkum, vegum og vatni. Stærð skipulagssvæðis er ríflega 42 ha. Meginmarkmið deiliskipulagsins er að setja ramma um þegar byggt frístundasvæði og viðhald þess. Deiliskipulagið er unnið með það að leiðarljósi að skilgreina betur og afmarka lóðir innan deiliskipulagssvæðisins, skilgreina aðkomu að lóðum eða mögulegar kvaðir um aðkomu, skilgreina byggingareiti, tryggja aðgengi að strandlengju og sýna gönguleiðir. Jafnframt að fylgja eftir stefnu Bláskógabyggðar um að til skuli vera deiliskipulag fyrir eldri frístundasvæði.

Með deiliskipulagsgerðinni er unnið að því að samþætta lóðamörk til þess að auðvelda umsýslu á lóðum ásamt því að ramma inn svæðið og nýtingu þess í heild og einstaka þætti þess s.s. innviði og náttúruvernd. Vegna mikilvægi strandlengjunnar sem útivistarsvæði og til þess að tryggja aðgengi almennings (skv. náttúruverndarlögum) sem og annarra lóðarhafa að strandlengju Þingvallavatns, þá eru lóðamörk við Þingvallavatn dregin 25 metra frá strandlengjunni. Enn fremur eru mörkin dregin frá Þingvallavatni til þess að tryggja framgang laga um vernd Þingvallavatns og vatnasviðs þess nr. 85/2005 og reglugerð um framkvæmd verndunar nr. 650/2006. Samkvæmt þeim lögum er óheimilt að gera nokkuð innan verndarsvæðisins það sem getur spillt vatni eða mengað það, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn. Í reglugerð um um framkvæmd verndunar vatnasviðs og lífríkis Þingvallavatns kemur fram að óheimilt er að veita leyfi vegna framkvæmda á verndarsvæðinu þ.m.t. jarðrask, byggingu mannvirkja, borun eftir vatni, nám jarðefna, vinnslu auðlinda úr jörðu eða ræktunarframkvæmdir þar sem hætta er á að slíkt geti mengað, spillt vatnsgæðum eða breytt vatnshæð. Byggingarreitir eru því skilgreindir 50 m frá strandlengju eins og skipulagsreglugerð gerir ráð fyrir en einnig til þess að tryggja að farið sé eftir ákvæðum laga um verndun Þingvallavatns.“

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér greinargerðina með deiliskipulagstillögunni. Þar kemur fram að um er að ræða þegar byggt frístundasvæði og að ekki er verið að bæta við neinum nýjum lóðum. Svæðið er innan verndarsvæða og fram kemur hvaða kvaðir hvíla á svæðinu að þeim sökum.



Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

